

Alþingi
Erindi nr. P 128/179
komudagur 20.11.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

15.nóvember 2002

Málefni: Þingsályktunartillaga um matvælaverð hérlendis, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, 3.mál og 7.mál.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa samkvæmt bréfi yðar dags. 21.október sl. yfirfarið tillögur til þingsályktunar, mál 3 og 7, um samanburð á matvælaverði hérlendis og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu og skila hér með umsögn um það.


Þótt mikið af umræðu um matvælaverð hafi farið út í hreina vitleysu, á Alþingi og víðar í kjölfar þessa þingmáls, þá er full ástæða til að ræða það af alvöru. Hlutfall útgjalda heimilanna til matvörukaupa hefur vissulega lækkað í 15,8% úr rúmum 17% árið 1997, en samt er líklegt að hægt sé að gera enn betur. Einkum er það væntanlega innlenda varan, ekki síst landbúnaðarframleiðslan, sem vegur þungt í útgjöldum til matar- og drykkjarvörukaupa.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu fagna allri málefnalegri umræðu um verslun og þar sem mikið skortir á að hagtölur um greinina hér á landi séu sambærilegar við flest önnur lönd þar sem mikilvægi verslunar er viðurkennt, þá hljóta samtökin að styðja þessa þingsályktunartillögu að því gefnu að hinir færustu aðilar vinni þann samanburð sem um ræðir. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á að það er afar vandasamt verk að gera svona samanburð og sá sem vinnur verkið og aðferðir hans þurfa að vera hafnar yfir vafa um fagmennsku. Til glöggvunar sendum við hjálagað danska samantekt DagSam “Fakta om dagligvarepriser i Danmark” og hins vegar sænska grein frá Svensk Dagligvaruhandel “Egna varumärken och lågprisbutiker sänker priset på mat”, sem báðar varpa ljósi á þennan vanda. Í báðum þessum löndum hafa komið fram ásanir um að matvöruverð í smásölu sem sé hærra en meðalverð ESB landa.

SVP hafa lagt á það áherslu að þegar matvöruverð er skoðað þá þurfi að skoða a.m.k. bæði heildsölu- og smásölustigið því annars sé aðeins hálf sagan sögð. Við leggjum mikla áherslu á þetta og samþykkjum ekki rök sem einstakir embættismenn hafa viðhaft að þetta sé ekki hægt vegna óljósra skila á milli heild- og smásölu. Þetta á ekki við þegar aðeins er rætt um matvörur og benda má á að stærstu smásalar matvöru hér á landi flytja innan við 10% af þörfum sínum inn sjálfir.

Ef Alþingi samþykkir umrædda þingsályktun þá þarf að tryggja framangreint og auk þess hin ýmsu atriði sem fram koma t.d. í tilvitnaðri samantekt DagSam.

Virðingarfyllst,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Hús verslunarinnar, Kringlan 7,
IS-103, Reykjavík, Iceland

Tel: +354 511 3000
Fax: +354 511 3001

svth@svth.is
www.svth.is